

Stjórnskipunar og eftirlitsnefnd Alþingis  
b.t. nefndarsviðs

Reykjavík, 14. febrúar 2024

## Umsögn dómstólasýslunnar um frumvarp til laga um endurnot opinberra upplýsinga (mjög verðmæt gagnasett, EES reglur o.fl) 35. Mál.

Dómstólasýslan þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma að umsögn um ofangreint frumvarp og biðst velvirðingar á hve seint umsögnin berst.

Með fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 45/2018 um endurnot opinberra upplýsinga er gildissvið laganna víkkað frá því sem nú er þannig að þau taki einnig til dómstóla. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að umrædd breyting á gildissviði laganna muni ekki fela í sér aukinn rétt til aðgangs að opinberum upplýsingum hjá dómstólum. Við þessa breytingu skapast því ekki sjálfstæður réttur til aðgangs að opinberum upplýsingum hjá dómstólum, heldur byggist rétturinn til aðgangs eftir sem áður á upplýsingalögum, nr. 140/2012. Í ljósi þess gerir dómstólasýslan ekki athugasemdir við frumvarpið.

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri